

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. október 2008  
Tilvísun: UST20081000042/áb

## **Endurnýjun starfsleyfis Sementsverksmiðjunnar á Akranesi: Umsögn varðandi matskyldu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. 11 gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um hvort og á hvaða forsendum Sementsverksmiðjan á Akranesi skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

### **Framkvæmd**

Sementsverksmiðjan hf. hefur verið starfrækt á Akranesi í 50 ár en starfsleyfi hennar rann út þann 1. ágúst 2008 og er endurnýjun þess til 2024 í burðarliðunum. Með nýju starfsleyfi er farið fram á aukna afkastagetu um 28% fyrir sementsgjall og koladuft og 4% fyrir cement. Þessi aukning er möguleg með bættum tækjakosti og án frekari byggingarframkvæmda. Einnig er farið fram á heimild til að forvinna 25.000 tonn af orkuríkum úrgangi til brennslu í gjallofni verksmiðjunnar. Með bestu fáanlegu tækni (BAT) og sambrennslu á lífrænu eldsneyti á að verða umtalsverð minnkun í loftmengun, þrátt fyrir aukna afkastagetu verksmiðjunnar. Það er samt hugsanlegt að brennsla eldneytis af lífrænum toga geti leitt til lyktmengunar, þrátt fyrir notkun bestu fáanlegrar tækni. Umhverfisstofnun fer því fram á að ekki verði notað eldneytí sem veldur lyktmengun í umhverfi verksmiðjunnar.

### **Niðurstaða**

Í gögnum sem fylgja erindinu, þar með talin tillaga að starfsleyfi, kemur fram að gerðar eru strangari kröfur varðandi losun í loft og úrgangsbrennslu. Í ljósi þess og að ekki verði leyft að brenna eldsneyti sem veldur lyktmengun í umhverfi verksmiðjunnar, telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að Sementsverksmiðjan hafi í för með sér veruleg umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst

Asgeir Björnsson  
Ásgeir Björnsson  
Sérfræðingur

Hjalti J. Guðmunsson  
Sviðstjóri